

## L Ö G

81

9. des.

um breyting á lögum nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

66. gr. laganna orðist svo:

Í hverju sveitarfélagi, þar sem ekki er starfandi fóðurbirgðafélag, skulu vera forðagæzlumenn, einn eða fleiri, til þess að hafa gát á fóðurbirgðum innan sveitarfélagsins og meðferð á búpeningi. — Sýslunefnd ákveður tölu forðagæzlumanna í hverjum hreppi eftir tillögu hreppsnefndar, en bæjarstjórn í kaupstöðum. Ef þeir eru fleiri en einn, má skipta umdæminu í jafnmörg forðagæzlusvæði, og hefur þá hver forðagæzlumaður sitt svæði til umsjónar.

## 2. gr.

67. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn kýs forðagæzlumenn og jafnmarga varamenn til 4 ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 9. desember 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

82

14. des.

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1958 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

## 2. gr.

Í stað 2. og 3. másl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala eða afhending fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðspóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum.